

**Grunnskóli  
Hornafjarðar  
470 8400**



## 6. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 5. apríl. 2016 kl. 13:15 – 14:15 í Hafnarskóla

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir

**Fundarritari:** Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir

**Mættir:** Ingibjörg María Jónsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Aðalbjörg Baldvinsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Erna Gísladóttir og Styrgerður Jóhannsdóttir.

### Dagskrá;

#### 1. Leið til árangurs

Erla Þórhallsdóttir og Gunnhildur Gísladóttir mættu á fundinn og sögðu frá þeim viðfangsefnum sem teymið hefur tekið sér fyrir hendur til að bæta námsárangur. Lestrarstefnan var kláruð síðasta haust, í vetur hefur verið lögð áhersla á að bæta lesskilning og ritun og framundan er að vinna enn frekar með stærðfræðina, búa til verkferla til að auðvelda utanumhaldið. Í haust verða numicomnámskeið og stærðfræðipals. Nú þegar sjáum við árangur í lestrinum, leshraða aðallega, og einnig í stærðfræðinni miðað við kannanir sem lagðar hafa verið fyrir.

#### 2. Niðurstöður foreldrakönnunar í Skólapúlsinum

Þórgunnur kynnir niðurstöðurnar sem eru almennt að koma mjög vel út, erum yfirleitt alltaf á pari eða yfir, miðað við landsmeðaltal. Einstaka þættir skera sig úr, eins og t.d. agi sem foreldrum finnst vera heldur minni en annars staðar, einelti er greinilega að minnka og foreldrar eru yfirleitt ánægðir með aðstöðuna í skólanum. Foreldrar eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans sem mótast sennilega af því að síðan er ný og ekki allir meðvitaðir um það og ekki endilega búnir að skoða hana. Einnig kom í ljós að foreldrar verja minni tíma í heimanámið með börnum sínum en gengur og gerist á landinu. Foreldrar virðast hafa minni væntingar til framtíðarnáms barna sinna hér en annars staðar.

#### 3. Niðurstöður starfsmannakönnunar (ef þær hafa borist)

Niðurstöður könnunar ekki komnar í hús.

#### 4. Staðan á starfsmannamálum í skólanum

Fjórir hafa sótt um stöðu aðstoðarskjólastjóra. Tónmenntakennari og 2 umsjónarkennarar hafa sótt um störf við skólann. Eva Birgisdóttir og Erla Þórhallsdóttir hafa sagt upp störfum sínum.

Búið er að auglýsa aftur.

#### 5. Önnur mál

- a. **Tillaga að fundarefni fyrir síðasta fund vetrarins að fara í SVÓT greiningu með Skólaráði á skólanum. Að hópurinn færi í hugstormun um það hverjir eru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri skólans.**

Tillaga samþykkt að því gefnu að mæting á næsta fund verði betri en á þessum.

- b.** Guðrún Ásdís ræðir mötuneytismál, hún vill láta bjóða upp á salatbar fyrir börnin til að fjölga úrvali grænmetistegunda, bjóða upp á fleiri valmöguleika, fleiri rétti. Stjáni kokkur hefur verið að velta þessu fyrir sér og er að skoða möguleika sem í boði eru.
- c.** Ingibjörg María segir frá því að nemendur í Heppuskóla hafi ekki verið ánægðir með það þegar hætt var að hafa Þrykkjuna opna í hádeginu, margir nemendur nýttu sér það að fara þangað, gott að breyta aðeins um umhverfi.

Fundi slitið kl. 13.57